

Landeigendur

## Úrskurðir Óbyggðanefndar í þjóðlendumálum á Austfjörðum, mál nr. 1-4/2022

Heil og sæl

Hér sendi ég upplýsingar í kjölfar úrskurðar Óbyggðanefndar í þjóðlendumálum á Austfjörðum, sem kveðnir voru upp þann 5. nóvember 2024.

Niðurstaðan var góð fyrir landeigendur. Þjóðlendukröfu ríkisins í land jarðarinnar var hafnað. Landeigendum er óskað til hamingju með það.

Til þess að skoða nánar rökstuðing fyrir niðurstöðunni, er hægt að sjá úrskurði á vefsíðunni [www.obyggdaneftd.is](http://www.obyggdaneftd.is). Úrskurðirnir eru langir en í 7. kafla koma niðurstöður óbyggðanefndar fram og kjarninn í niðurstöðu í undirköflum vegna hvers svæðis, með heitinu Eignarréttarleg staða.

Landeigendur geta svo sett sig í samband við mig til þess að fá nánari umfjöllun um niðurstöðu vegna þeirrar jarðar.

### Þýðing úrskurðar Óbyggðanefndar.

Vegna málanna er þó rétt að nefna þá réttarstöðu sem fylgir úrskurði Óbyggðanefndar. Í raun hefur eignarréttarleg staða lands verið staðfest og niðurstaðan kallar ekki á neinar frekari aðgerðir landeigenda vegna þeirra hagsmuna.

Rétt er að nefna að í 19. gr. laga um þjóðlendu (nr. 58/1998), kemur fram að sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur. Íslenska ríkið getur því ákveðið að véfengja niðurstöðu Óbyggðanefndar, en algengara er að landeigendur hafi nýtt þessa heimild, hafi niðurstaða verið þeim óhagstæð. Það er hins vegar áréttað, að afar sjaldgæft er að ríkið véfengi úrskurði Óbyggðanefndar. Tel hins vegar rétt að upplýsa um þessi ákvæði laganna, þótt verulega ólíklegt sé að ríkið fari þá leið.

Vegna úrskurða Óbyggðanefndar, vil ég einnig nefna að málsmeðferðin felur ekki í sér að landamerki hafi verið sett nákvæmlega niður.

Loks nefni ég sérstöku stöðu í málskostnaðarákvörðun Óbyggðanefndar. Lögmannsstofan hjá mér fær úrskurðan málskostnað vegna vinnu í þágu hveftrar jarðar. Málskostnaður var nú úrskurðaður að hluta vegna allra lögmanna sem komu að málunum. Óbyggðanefnd hefur upplýst um að til standi eftir áramót að úrskurða um málskostnað að fullu, en hefur útskýrt þessa óvenjulegu framkvæmd með vísan til reglna tengdar fjárlögum.

### Almennt um málsmeðferðina

Heildarniðurstaða í málum á Austfjörðum var mjög ánægjuleg. Í raun voru aðeins tvö svæði þjóðlendu, þ.e. Skagafell við Fagradal og Búðartungur inn af Skriðdal, bæði þessi svæði voru áður talin afréttarsvæði í eigu jarða í eign ríkisins, þ.e. Vallaness og Þingmúla. Auk þess var Hofsjökull þjóðlenda.

Öllum öðrum þjóðlendukröfum var hafnað. Ef litið er heildstætt á málin þá er það álit mitt að í flestum tilvikum var þjóðlendukrafa ríkisins órökrétt. Það hafi í öllu falli verið orðið mjög ljóst þegar gagnaöflun Óbyggðanefndar var lokið. Það er hins vegar ljóst að í nokkrum tilvikum voru gögn og heimildir þess eðlis að skiljanlegt er að ágreiningur hafi verið gerður um eignarréttarlega stöðu. Hafa ber í huga að

tilviljanir geta ráðið því hvaða gögn eru til og ljóst að heimildir varða eðli máls samkvæmt ekki beinlínis eignarréttarlega stöðu. Það var því mikilvægur partur í málflutningi landeigenda að skýra slík eldri gögn, m.a. með tilliti til tíðaranda, löggjafar og hagsmuna á fyrri öldum. Umfjöllun um málin hefur verið lærdómsrík fyrir mig um sögu Austfjarða. Það gagnaðist mjög vel að starfa að málum fyrir 16 af þeim 25 svæðum sem ágreiningur var gerður um. Þannig fékkst góð heildarsýn yfir málið og við greiningu gagna og heimilda vegna einnar jarðar, gátu komið upp atriði sem nýttust vegna málflutnings vegna annarra jarða. Það er ljóst að vinna mín leiddi m.a. til þess að mikilvæg gögn komu fram sem féllu ekki undir reglulega gagnaöflun Þjóðskjalasafns. Þar skipti mestu máli ítarleg skoðun mín á bréfabókum Brynjólfs Sveinssonar biskups frá 17. öld.

Í greinargerðum og málflutningi mínum var auk umfjöllunar um gögn/heimildir sem snéru beint að hverri jörð, lögð nokkur áhersla á byggðasögu á Austurlandi, allt frá Landnámi og fram til þess að núverandi jarðaskipulag var komið á. Staða jarða og nýting lands var sett í samhengi við það. Segja má að á Austfjörðum séu dæmi sem lýsa því að jarðir sem voru heil eða hálf landnám viðhældustu fram 19. öld. Þá hafi hjáleigur gömlu stórjarðanna, fyrst orðið sjálfstæðar jarðir. Í mörgum þéttbýlli héruðum hafa landnámr hins vegar skipst upp fjölmargar jarðir, löngu fyrir sögulegar heimildir. Þetta var gagnlegt til þess að greina forsendur og ástæður þess að sumir hlutar jarða voru nýttir sem sameiginlegur bithagi fyrir stórjörðina og hjáleigur. Segja mætti að það væri styttra frá landnámi á Austfjörðum, en víðast hvar annars staðar á landinu.

Þá er einnig ljóst að þar sem jarðir voru stórar, var öðrum bændum heimiluð hagabeit á sumrin, enda var það gert gegn greiðslu hagatolla eða jafnvel í þágu almannahagsmuna, eins og mátti sjá á kirkjujörðum. Í málflutningi var m.a. fjallað um nýtingu lands útfrá búskaparhagsmunum fyrri aldar. Þessi umfjöllun hafði það leiðarljós að styrkja stöðu jarða þar sem eldri heimildir voru ekki skýrar og byggðu undir þá ályktun að engin ástæða væri til að telja eignarréttarlega stöðu lands slíkra jarða annað, en annarra jarða á Austurlandi, þar eignarréttarleg staða lands væri skýr samkvæmt heimildum.

Við skoðun niðurstöðukafla Óbyggðanefndar finnst mér að umfjöllun málflutnings um heildarmynd af byggðasögu, sem réðst af búskaparhagsmunum, sveiflum í árferði og jafnvel óvæntum atburðum eins Tyrkjaráni á Austfjörðum, hafi komist til skila og nýst. Í mínum huga var skýrt að land á Austfjörðum hafi verið numið og lega heiðarlanda og fjalla gagnvart öðrum sveitum þekkt og réð merkjum skv. Grágásarlögum og síðar Jónsbók. Nám lands hafi verið til eignar. Þótt nýting hluta svæða hafi breyst eða jafnvel skipt um hendur, þá hafi eignarréttarleg staða lands ekki breyst. Allt land væri eignarland.

Í þessu sambandi er t.a.m. merkilegt að Skagafellið á Fagradal, sem varð þjóðlenda, var skv. vitnisburðum frá því um 1500, talið átölulaus eign Eyjólfstaða á Völlum. Sú staða er rökrétt, enda hefur landa Eyjólfstaðajarðarinnar legið að Skagafelli. Skagafellið verður hins vegar síðar á öldum talið sem eign eða afréttur Vallaness og hætt er að telja það með eignum Eyjólfstaða. Landinu var e.t.v. bara ráðstafað. Þessi óljósa staða leiðir svo til þess að Skagafellið verður þjóðlenda. Í mínum huga er hins vegar enginn vafi á því að það hafi verið eignarland í öndverðu.

Þakka annars landeigendum fyrir samstarfið og ítreka að sjálfsagt er að hafa samband við mig til að fá frekari upplýsingar/skýringar.

Með kveðju,

Jón Jónsson hrl. – [jon@sokn.is](mailto:jon@sokn.is)

